16. nóvember 2000 2329 Nr. 834

AUGLÝSING

um niðurfellingu á auglýsingum.

Felldar eru úr gildi eftirtaldar auglýsingar: nr. 205, 23. mars 2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Máritaníu og nr. 207, 23. mars 2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Japan.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. nóvember 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Þórir Skarphéðinsson.

16. nóvember 2000 Nr. 835

AUGLÝSING

um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr., frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Færeyjar	Kúba	Nígería	Singapúr
Argentína	Gambía	Lettland	Nýja-Sjáland	S-Kórea
Ástralía	Gana	Litháen	Óman	Taíland
Bangladess	Gvatemala	Madagaskar	Pakistan	Tansanía
Brasilía	Indland	Malasía	Panama	Túnis
Chíle	Indónesía	Maldíveyjar	Perú	Taívan
Eistland	Íran	Marokkó	Pólland	Úrúgvæ
Ekvador	Japan	Máritanía	Rússland	Venesúela
Falklandseyjar	Kanada	Márítíus	Senegal	Víetnam
Filippseyjar	Kína	Mexíkó	S-Afríka	Yemen
Fílabeinsströndin	Kólumbía	Namibía	Seychelleseyjar	

3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr., frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Alsír	Fidjieyjar	Ísrael	Nikaragúa	Súrínam
Angóla	Franska Polynesía	Jamaíka	Nýja Kaledónía	Sviss
Antígva[1)]	Gabon	Kamerún	Papúa Nýja Gínea	Simbabwe
Aserbaídsjan[2)]	Grenada	Kenía	Rúmenía	Tékkland
Bahamaeyjar	Grænland	Kostaríka	Sankti Helena	Tógó
Bandaríkin	Gínea Conakri	Króatía	Sankti Pierre og Miquelon	Tyrkland
Barbúda[1)]	Hollensku Antillaeyjar	Kýpur	St. Vincent og Grenadíneyjar	Úganda
Belís	Hondúras	Malta	Salómonseyjar	Ungverjaland[3)]
Benín	Hong Kong	Mósambík	Slóvenía	
Erítrea	Hvíta Rússland	Myanmar	Srí Lanka	

4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía
Chíle
Marokkó
Perú
S-Kórea
Túnis
Tyrkland
Víetnam

5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Kanada
Færeyjar
Grænland
Nýja Sjáland
Bandaríkin

Einnig er heimilt að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá Tælandi sem hafa sætt hitameðferð eða verið sótthreinsaðar í samræmi við gildandi reglugerð.

6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskmjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr.

[1)] Aðeins heimilt að flytja inn ferskan fisk.

[2)] Aðeins heimilt að flytja inn kavíar.

[3)] Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.

auk Úkraínu og Portó Ríkó enda komi mjölið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 715, 3. október 2000, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. nóvember 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Þórir Skarphéðinsson.